

 Benchmark® Genetics Iceland	Vöktunaráætlun fyrir Kirkjuvog	Útgáfa:	02
		Dagsetning:	16.06.2023
		Ábyrgur:	AEH
		Samþykkt:	BH

Til eru verklagslýsingar um alla vinnuferla í stöðinni. Haldið er utan um allar skráningar, t.d. fóðrun, súrefnismælingar, sýnatökur svo eitthvað sé nefnt Viðbragðsáætlun og sýnatökur til að athuga mengun í frárennsli.

Vöktun með tilliti til umhverfisáhrifa:

Til að fylgjast með vöktun með tilliti til umhverfisáhrifa þá er allt skráð, sýnatökur, fóðrun, afföll, bólusetningar, merkingar, meðalþyngdir, allur flutningur seiða á milli kerja, flokkanir og flutningur á milli stöðva, allar vatnsmælingar eru skráðar og súrefnismælingar svo eitthvað sé nefnt.

Mánaðarlegar skráninga:

Notkun dísel á rafstöðvar, dísel notkun á ökutækjum stöðvanna, skráning á akstri í km fyrir ökutæki stöðvanna, skráning á rafmagnsnotkun, skráning á vatnsnotkun, skráning á flokkum úrgangs í kg (málmar, plast, pappi/pappír, viður, rafmagns/rafrænn úrgangur) magn úrgangs í landfyllingu, magn úrgangs í brennslu, magn úrgangs í súrefnisfirrt niðurbrot, skráning vinnuferða í km eftir því hvort um er að ræða flug, sjóferðir, leigubíla, rútur eða einkabíla í þágu vinnunnar.

Vöktun vatns:

Fylgst er með losun fosfórs og niturs í frárennsli

Eldisvatn: Mælingar eru gerðar reglulega á eldisvatni þar sem mælt er pH, selta og hitastig. Súrefni er mælt tvisvar í viku. Notkun efna sem notuð er á stöðvunum er skráð og kemur fram í árlegu yfirliti stöðva sem sent er til Umhverfisstofnunar.

Frárennsli: Árlegar mælingar á svifögnum (mg/L), heildarfosfór, heildarköfnunarefni og COD (mg/L) er mælt við inntak eldis og frárennslis. Tvær mælingar eru teknar yfir árið, fyrsta mæling er gerð á þeim tíma þegar vöxtur (lífmassaaukning) er í hámarki og hins vegar þegar lífmassi er í lágmarki.

Á þeim degi sem sýnatakan er framkvæmd þá er skráð niður lífmassi sem er í stöðinni, fóðurmagn og vatnsrennslið.

Til að fylgjast betur með samræmi losunar í frárennsli, þá er losun á nitri og fosfór einnig reiknað út frá fóðurtegundum.

Niðurstöðum sýnatöku og útreikningum útfrá fóðri er skilað inn einu sinni á ári með ársyfirliti viðkomandi eldisstöðvar til Umhverfisstofnunar fyrir 1. Maí.

Sýni verða tekin þegar áætlaður lífmassi er í hámarki og verður lífmassi í stöðinni skráður niður, fóðurmagn og vatnsrennslið sem var notað þann dag.

Árleg mæling er framkvæmd á heildarfjölda örvera við 22°C, E.coli og kóliform bakteríum á ísnum sem er notaður fyrir stöðina.